

14. Stjórnarfundur Bergrisans

3. mars 2020

Fundur hófst klukkan 14:00 í ráðhúsi Árborgar.

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Ásta B. Ólafsdóttir varamaður í stjórn, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri. Einnig mættu forstöðumenn þjónustuvæða þær Ragnheiður Hergeirsdóttir og Svava Davíðsdóttir og Þorsteinn Hjartarson, sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar, ásamt Sigríði Elínu Leifsdóttur frá félagsþjónustu Árborgar. Þóra Þórarinsdóttir frá Ás styrktarfélagi og Steinunn Erla Kolbeinsdóttir lögfræðingur mættu til ráðgjafar.

Gísli H. Halldórsson ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Úttekt Haraldar Línal Haraldssonar á búsetuúrræðum.

Rætt um úttekt Haraldar L. Haraldssonar vegna Breiðabólssstaðar og Skaftholts. Steinunn Erla ber þau boð að úttektum geti ekki lokið fyrr en í fyrsta lagi 20. mars.

Stjórn óskar eftir að sérfræðiálit vegna greiðslupátttöku ríkisins vegna búsetu á Breiðabólssstað verði hluti af úttekt Haraldar.

2. Endurskoðun á samningi við Klettabæ

Starfsmenn fjölskyldusviðs Árborgar kynna samningaviðræður við Klettabæ vegna aukinna þjónustukaupa í þágu skjólstæðings. Um er að ræða umtalsverðan kostnaðarauka.

Stjórn óskar eftir að kannað verði með mögulega þátttöku Jöfnunarsjóðs í kostnaði vegna umrædds skjólstæðings.

3. Samningur um landshlutateymi Geiningarstöðvar á Suðurlandi

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar kynnti samning við Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins um landshlutateymi sem hleypt hefur verið af stokkunum og unnið er í samstarfi aðildarsveitarfélaga Bergrisans og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Um er að ræða tilraunaverkefni sem nýtast mun öllu landinu og því kemur ríkið með sérstakt framlag vegna stöðu verkefnastjóra. Verkefnið snýst um að styrkja og efla þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra og skóla.

Stjórn Bergrisans fagnar því að þetta verkefni skuli hafið og bindur miklar vonir við árangurinn af því. Verkefnisstjóri Bergrisans mun starfa með landshlutateyminu.

4. Kynning á stöðu mála hjá félagsþjónustu Árborgar

Rætt um breytingar sem gerðar hafa verið á skipulagi félagsþjónustunnar hjá Árborg. Sigríður Elín Leifsdóttir verður fulltrúi Árborgar í þjónusturáði Bergrisans.

Stjórn Bergrisans þakkar Guðlaug Jónu Hilmarsdóttur, fráfalandi formanni þjónusturáðs, gott samstarf og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

5. Bréf Þroskahjálpar á Suðurlandi vegna búsetukjarna

Þroskahjálpar á Suðurlandi hefur komið á framfæri athugasemdum og spurningum vegna staðarvals fyrir búsetukjarna við Nauthaga.

Lagt fram til kynningar

6. VISS á Hvolfsvelli

Verið er að vinna í stofnun úrræðis á Hvolfsvelli í framhaldi af ákvörðun síðasta ársfundar Bergrisans.

Til kynningar

6. Beingreiðslusamningur, Skaftárhreppur mál 1905024

Drög að beingreiðslusamningi lögð fram fyrir stjórn.

Stjórn Bergrisans samþykkir að greitt verði 75% af framlögðum samningi þar til fyrir liggur samþykki ráðuneytis fyrir umsókn um NPA samning vegna þessa.

Ákveðið að næsti stjórnarfundur verði haldinn þriðjudaginn 25. mars klukkan 13:00 í ráðhúsi Árborgar.

Fundi slitið 16:30